


Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	<b>VGRV2PR03 - Kassinn</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

## Kassinn

Til að gera kassann sjálfann tilbúinn til að hægt sé að setja búnað í hann eru nokkur atriði sem þarf að klára.

### 1. Pússa.

Það þarf að pússa allar brúnir og snara úr öllum götum. Þið finnið að allar brúnir eru hrjúfar eftir skurðinn en kassinn var skorinn út með vatni og sandi. Til að pússa brúnir er notaður sandpappír en úrsnari er notaður til að laga götin. Stærsti úrsnari passar í stóru götin en sá næst minnsti í þau minni. Einnig má nota fina þjöl.

Muna að pússa líka brúnirnar á lokinu.



### 2. Vinklar.

Því næst þarf að koma fyrir tveim vinklum í botni kassans en þeir eru notaðir til að festa lokið.

Búið er að saga vinklana í lengd en það þarf aðeins að snyrta á þeim endana áður en þeim er komið fyrir.

Fyrst þarf að staðsetja vinklana, annann í einu, í miðju, slétt við brún og halda honum föstum með þvingu.

Síðan er merkt fyrir götunum og þeir síðan teknir úr og boraðir með 3,2mm bor.

Gott er að merkja þá 1 og 2 svo þið vitið örugglega hvor var hvoru megin.

Vinklarnir eru síðan hnoðaðir fastir með draghnoðum og hnoðtöng, 2 hvoru megin.


Við notum draghnoð sem eru 3,2 \* 10mm.



Þvinga



Úrsnari

Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	<b>VGRV2PR03 - Kassinn</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

### 3. Stífur.

Núna er komið að því að koma fyrir plast stífum á milli framhliðar og bakhliðar. Það þarf að snara nægilega mikið úr götunum til að skrúfuhausinn sé sléttur við útbrúnirnar. Annars verður hann fyrir þegar við setjum framhliðina á kassann.

Gætið þess samt að snara ekki of mikið úr þeim.

Stífurnar eru síðan staðsettar við ytri brún og skrúfurnar skrúfaðar í, ekki þarf að bora fyrir þeim, plastið er mjúkt.

Búið er að saga stífurnar í rétta lengd, 140mm.

Við notum undirsinkaðar skrúfur sem eru

3 \* 16 mm eða 3 \* 20 mm.



Draghnoð



Hnoðtöng



### 4. Lokið.

Núna þarf að bora og snitta fyrir skrúfunum sem festa lokið.

Það eru 4 mm snittaðar skrúfur með undirsinkuðum haus.

Lokinu er komið fyrir á kassanum þannig að það standi 2mm afturfyrir bakhliðina.

Síðan er merkt í götin með tússpenna, lokið tekið af og borað í vinklana með 3,5mm bor, alls ekki stærri. Síðan er farið með snitt-tappa í götin til að búa til gengjur fyrir skrúfurnar.

Síðan þarf að snara úr fyrir hausunum á þeim þannig að þær falli inn í lokið og séu sléttar við útbrúnina.



### 5. Fætur

Að lokum skulum við líma fætur undir kassann. Það gerir hann stöðugri á borði meðan við vinnum við hann.

